

**Nd.**

**581. Nefndarálit**

[26. mál]

um frv. til l. um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Stjórnarandstaðan óskaði eindregið eftir því að Alþingi yrði kallað saman s. l. sumar til að fjalla um efnahagsmál. Því var ekki sinnt. Úr því að leið bráðabirgðalaga var farin var það lýðræðisleg skylda ríkisstjórnarinnar að láta taka þau til umræðu um leið og þing kom saman í október sl. Nú eru liðnir rúmir tíu mánuðir síðan þessi lög tóku gildi. Það eru liðnir sex mánuðir síðan þingið kom saman og fjórir mánuðir síðan efri deild Alþingis lauk meðferð sinni á málinu. Alþingismenn sitja frammi fyrir löngu gerðum hlut. Þetta frv. fjallar m. a. um skattgreiðslur á árinu 1983 vegna tekna sem aflað var á árinu 1982. Þessi málsmeðferð er með öllu óverjandi.

Í fylgiskjali með frv. stendur að bráðabirgðalögin hafi verið sett til að „vernda hag þeirra sem við lökust kjör búa“. Í minni hl. álit fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar frá 17. nóv. s. l. er bent á að skattalagabreyting frumvarpsins hafi áhrif á skattgreiðslur **flestra annarra** en þeirra sem við lökust kjör búa. Aðrar breytingar frv., s. s. á greiðslum almannatrygginga, eru ófullnægjandi með tilliti til þess hversu gífurleg kjaraskerðing hefur orðið síðan í júní.

Með hliðsjón af framansögðu um afgreiðslu og innihald þessa frv. mun minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar ekki taka þátt í afgreiðslu þess.

Guðrún Agnarsdóttir þingmaður Samtaka um kvennalista er samþykkt þessu álit minni hl. nefndarinnar.

Alþingi, 9. apríl 1984.

Guðmundur Einarsson,  
fundaskr., frsm.

Svavar Gestsson.

Kjartan Jóhannsson.